

Framtakssjóður Íslands GP hf.

Ársreikningur

2014

Framtakssjóður Íslands GP hf.
Lágmúli 9, 7. hæð
108 Reykjavík
kt. 491109-2110

Framtakssjóður Íslands GP hf.

Ársreikningur

2014

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------|------|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7-11 |

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í FSÍ (Framtakssjóði Íslands) GP hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Framtakssjóð Íslands GP hf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 12. febrúar 2015

Deloitte ehf.


Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) GP hf. var stofnaður á árinu 2009 og er umsjónar- og ábyrgðaraðili FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf. og IEI slhf.

Ársreikningur Framtakssjóðs Íslands GP hf. fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hagnaður Framtakssjóðs Íslands GP hf. á árinu nam kr. 372.878. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 65.211.545, bókfært eigið fé í lok ársins er kr. 9.611.964. Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu var 7.

I lok ársins voru hluthafar í félaginu 18. Tíu stærstu hluthafarnir eru eftirfarandi: Gildi lífeyrissjóður 15%, Lífeyrissjóður verslunarmanna 15%, Landsbankinn hf. 14,2%, Sameinaði lífeyrissjóðurinn 9,3%, Söfnunarlífeyrissjóður lífeyrisréttinda 8,5%, LSR A-deild 7,4%, Stafir lífeyrissjóður 5,5%, Almenni lífeyrissjóðurinn 4,4%, Festa lífeyrisjóður 3,9% og Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga 2,8%. Eigin bréf félagsins nema um 4,9%.

Stjórn félagsins gerir ekki tillögu um greiðslu arðs til hluthafa og leggur til að hagnaður ársins verði fluttur óráðstafaður á eigið fé til næsta árs.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands GP hf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands GP hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. febrúar 2015

I stjórn




Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður



Helga Arnadóttir



Hreiðar Bjarnason



Sveinn Hannesson



Hjörleifur Pálsson



Linda Jónsdóttir



Þórunn Pálsdóttir

Framkvæmdastjóri



Herdís Dröfn Fjeldsted

Rekstrarreikningur ársins 2014

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|--|-------|-----------------------|-----------------------|
| Umsýsluþóknun | | 226.565.596 | 204.370.502 |
| Þóknun fyrir stjórnarsetu | | 21.286.756 | 23.952.823 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 3 | (186.964.424) | (169.532.063) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (32.829.898) | (33.839.332) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (25.696.323) | (22.796.286) |
| Afskriftir fastafjármuna | 7 | (2.361.707) | (2.155.644) |
| Rekstrarhagnaður | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| Fjármunatekjur | 4 | 626.665 | 748.773 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (160.388) | (157.178) |
| Hagnaður fyrir skatta | | <u>466.277</u> | <u>591.595</u> |
| Tekjuskattur | 6 | (93.399) | 204.692 |
| Hagnaður ársins | | <u><u>372.878</u></u> | <u><u>796.287</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| Eignir | Skýr. | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|------------------------------------|-------|-------------------|-------------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 11.015.988 | 5.924.313 |
| Fjárfestingarverðbréf | 8 | 4.000.000 | 4.000.000 |
| | | <u>15.015.988</u> | <u>9.924.313</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Kröfur á tengd félög | 13 | 43.804.631 | 15.900.899 |
| Aðrar skammtímakröfur | 9 | 1.508.710 | 1.793.473 |
| Handbært fé | 9 | 4.882.216 | 17.123.800 |
| | | <u>50.195.557</u> | <u>34.818.172</u> |
| Eignir | | <u>65.211.545</u> | <u>44.742.485</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Hlutafé | 10 | 6.883.966 | 6.883.966 |
| Óráðstafað eigið fé | | 2.727.998 | 2.355.120 |
| Eigið fé | | <u>9.611.964</u> | <u>9.239.086</u> |
| Skuldbindingar | | | |
| Tekjuskattskuldbinding | 11 | 274.085 | 180.686 |
| | | <u>274.085</u> | <u>180.686</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 12 | 55.325.496 | 35.322.713 |
| | | <u>55.325.496</u> | <u>35.322.713</u> |
| Skuldir | | <u>55.599.581</u> | <u>35.503.399</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u>65.211.545</u> | <u>44.742.485</u> |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|-------|---------------------|--------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 0 | 0 |
| Afskriftir | | 2.361.707 | 2.155.644 |
| Sölutap fastafjármuna | | 1.393 | 0 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 2.363.100 | 2.155.644 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun | | 284.764 | 105.452 |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) | | 20.002.782 | (1.856.088) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 22.650.646 | 405.008 |
| Innborgaðir vextir | | 626.665 | 748.773 |
| Greiddir vextir | | (160.388) | (157.178) |
| Handbært fé frá rekstri | | 23.116.923 | 996.603 |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | (7.454.775) | (775.998) |
| (Hækkun) á kröfum á tengd félög | | (27.903.732) | (6.315.569) |
| | | (35.358.507) | (7.091.567) |
| Fjármögnunarahreyfingar | | | |
| | | 0 | 0 |
| Lækkun handbærs fjár | | (12.241.584) | (6.094.964) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 17.123.800 | 23.218.764 |
| Handbært fé í lok ársins | | 4.882.216 | 17.123.800 |

Skýringar

1. Starfsemi

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) GP hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Framtakssjóður Íslands GP hf. var stofnað á árinu 2009 og er umsjónar- og ábyrgðaraðili FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf. og IEI slhf.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Framtakssjóðs Íslands GP hf. fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Skráning tekna

Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Framtakssjóður Íslands GP hf. er umsjónar- og rekstraraðili fyrir Framtakssjóð Íslands slhf. og IEI slhf. Allur rekstrarkostnaður sem fellur til að frádregnum öðrum rekstrartekjum er fluttur yfir á þau félög.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar tímabilsins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirkis.

Verðbréf

Verðbréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Skýringar

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2014 | 2013 |
|--|--------------------|--------------------|
| Laun starfsmanna | 108.433.350 | 107.229.970 |
| Laun stjórnar | 18.684.000 | 16.459.424 |
| Lífeyrissjóður | 15.762.743 | 16.758.278 |
| Tryggingagjald | 11.195.032 | 11.891.423 |
| Breyting reiknaðra orlofs- og launaskuldbindinga | 23.550.961 | 7.066.278 |
| Annar starfsmannakostnaður | 9.338.338 | 10.126.690 |
| | <u>186.964.424</u> | <u>169.532.063</u> |
| Stöðugildi að meðaltali | 7 | 8 |

Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins á árinu 2014 námu 58,4 mkr. samanborið við 48,3 mkr. á árinu 2013. Á árinu greinast laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra þannig:

| | |
|--|-------------------|
| Herdís Dröfn Fjeldsted, framkvæmdastjóri | 22.331.188 |
| Brynjólfur Bjarnason, fyrrverandi framkvæmdastjóri | 17.377.371 |
| Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður | 5.646.000 |
| Guðmundur Pálsson | 748.000 |
| Helga Árnadóttir | 2.922.000 |
| Helga Valfells | 88.000 |
| Hjörleifur Pálsson | 1.998.000 |
| Hreiðar Bjarnason | 1.848.000 |
| Linda Jónsdóttir | 1.848.000 |
| Sveinn Hannesson | 1.848.000 |
| Þórunn Pálsdóttir | 1.738.000 |
| | <u>58.392.559</u> |

Þóknun til endurskoðenda félagsins á árinu 2014 sundurliðast þannig án virðisaukaskatts:

| | |
|-----------------------------|------------------|
| Endurskoðun og könnun | 5.266.008 |
| Reikningsskilaaðstoð | 2.516.955 |
| Önnur þjónusta | 1.325.990 |
| | <u>9.108.953</u> |

4. Fjármunatekjur

| | 2014 | 2013 |
|---|----------------|----------------|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 1.896.665 | 748.773 |
| Reiknaðar vaxtatekjur færðar til IEI slhf | (1.270.000) | 0 |
| | <u>626.665</u> | <u>748.773</u> |

5. Fjármagnsgjöld

| | 2014 | 2013 |
|------------------|---------|---------|
| Vaxtagjöld | 160.388 | 157.178 |

6. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi kr. 93.399. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2015 vegna yfirfæranlegs skattalegs taps.

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Skrifstofu- búnaður |
|--------------------------------|------------------------|
| Kostnaðarverð | |
| Staða í ársbyrjun | 11.101.439 |
| Eignfært á árinu | 7.664.775 |
| Selt og aflagt á árinu | (367.640) |
| Staða í árslok | <u>18.398.574</u> |
| Afskriftir | |
| Staða í ársbyrjun | 5.177.126 |
| Afskrift ársins | 2.361.707 |
| Selt og aflagt á árinu | (156.247) |
| Staða í árslok | <u>7.382.586</u> |
| Bókfært verð | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 5.924.313 |
| Bókfært verð í árslok | <u>11.015.988</u> |
| Afskriftarhlutföll | 20% |

8. Fjárfestingaverðbréf

| | 31.12.2014 |
|---|------------------|
| FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. | 3.356.000 |
| IEI slhf. | 644.000 |
| | <u>4.000.000</u> |

Nafnverðs hlutir félagsins í FSÍ slhf. nema 3.356 kr. og í IEI slhf 644 kr.

Í árslok 2013 var FSÍ slhf skipt upp í tvö félög; FSÍ slhf. og IEI slhf. Framtakssjóður Íslands GP hf. er ábyrgðaraðili FSÍ slhf. og IEI slhf. sem eru samlagshlutafélög.

9. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

| | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|-----------------------------------|------------------|------------------|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 1.129.383 | 1.068.723 |
| Fjármagnstekjuskattur | 379.327 | 149.750 |
| Aðrar kröfur | 0 | 575.000 |
| | <u>1.508.710</u> | <u>1.793.473</u> |

Handbært fé

| | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|--|------------|------------|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 4.882.216 | 17.123.800 |

Skýringar

10. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

| | Hlutfall | Nafnverð |
|------------------------------|----------|-----------|
| Heildarhlutfé í árslok | 100,0% | 7.240.000 |
| Eigin hlutir í árslok | (4,92%) | (356.034) |
| | 95,1% | 6.883.966 |

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 7.240.000 kr. og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Eigið fé greinist þannig:

| | Hlutfé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---------------------------|-----------|---------------------|-----------|
| Eigið fé 1.1 2013 | 6.883.966 | 1.558.833 | 8.442.799 |
| Hagnaður ársins | 0 | 796.287 | 796.287 |
| Eigið fé 1.1 2014 | 6.883.966 | 2.355.120 | 9.239.086 |
| Hagnaður ársins | 0 | 372.878 | 372.878 |
| Eigið fé 31.12.2014 | 6.883.966 | 2.727.998 | 9.611.964 |

11. Frestaður skattur

| | Frestaður skattur |
|-------------------------------------|-------------------|
| Staða í ársbyrjun | 180.686 |
| Reiknaður tekjuskattur ársins | 93.399 |
| Staða í árslok | 274.085 |

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | |
|--|-----------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 852.816 |
| Áhrif af yfirferanlegu skattalegu tapi | (578.731) |
| | 274.085 |

12. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

| | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|--|------------|------------|
| Virðisaukaskattur | 949.123 | 708.178 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 13.003.859 | 11.276.702 |
| Áfallið orlof og launaskuldbindingar | 38.232.239 | 14.681.278 |
| Ógreiddur kostnaður | 3.140.275 | 8.656.555 |
| | 55.325.496 | 35.322.713 |

Skýringar

13. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Framtakssjóður Íslands GP hf er ábyrgðaraðili Framtakssjóðs Íslands slhf. og IEI slhf.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2014:

| | Gjöld | Tekjur | Kröfur | Skuldir |
|---|-----------|-------------|------------|---------|
| FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. | 0 | 202.477.421 | 15.758.863 | 0 |
| IEI slhf. | 0 | 22.545.475 | 21.892.145 | 0 |
| Landsbankinn hf., hluthafi | 2.147.824 | 0 | 0 | 0 |
| Dótturfélög FSÍ slhf. | 0 | 1.542.700 | 6.153.623 | 0 |
| | 2.147.824 | 226.565.596 | 43.804.631 | 0 |

Viðskipti við tengd félög árið 2013:

| | Gjöld | Tekjur | Kröfur | Skuldir |
|---|-----------|-------------|------------|---------|
| FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. | 0 | 204.370.502 | 12.792.294 | 0 |
| Landsbankinn hf., hluthafi | 2.432.601 | 0 | 0 | 0 |
| Dótturfélög FSÍ slhf. | 0 | 0 | 1.886.105 | 0 |
| Önnur tengd félög FSÍ slhf. | 0 | 0 | 1.222.500 | 0 |
| | 2.432.601 | 204.370.502 | 15.900.899 | 0 |

14. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 12. febrúar 2015.